

**Nd.**

**117. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924. [Gengisviðauki].

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

25% gengisviðauki sá, er ræðir um í lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, skal lækka 1. júlí 1926 niður í 15%, og falla alveg niður í árslok 1926.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926. Lög nr. 2, frá 27. mars 1924, og lög nr. 37, 27. júní 1925, skulu falla úr gildi 31. des. 1926.

### Greinargerð.

Hinir afarþungbæru skattar, sem á voru lagðir 1924, hafa að sjálfsögðu aukið að mun dýrtíðina í landinu, og afnám þeirra mundi ljetta mikið afkomu almennings. Dugir ekki að einblína á það, þótt ríkissjóður missi þar nokkurs í, heldur verður líka að taka tillit til þess, hvort landsmenn eru færir um að bera skattabyrðar þær, sem nú hvíla á þeim, eða ekki.

Upphaflega var gengisviðaukanum aðeins ætlað að vera til bráðabirgða, meðan sterlingspundið væri skráð á 25 kr. eða hærra, svo sem lögin frá 1924 bera með sér. Á síðasta þingi var þessu að vísu breytt og takmörkun sú, er snertir gengi á sterlingspundi, numin burt, en lögunum þó ekki ætlað að standa lengur en til ársloka 1927.

Þar sem hin upphaflega ástæða fyrir gengisviðaukanum er nú úr sögunni, þá þykir rjett að láta skattinn falla niður frá næstu áramótum.